



Dalvíkurbyggð

Deiliskipulag íbúðarbyggðar við Böggvisbraut



*LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010
MATSLÝSING SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDA OG ÁÆTLANA NR. 111/2021*

6. nóvember 2023



Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is
sími 575 5300 - fax 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
1.1.	Markmið	4
1.2.	Afmörkun deiliskipulagssvæðisins	4
2.	Helstu forsendur	5
2.1.	Staðhættir og veðurfar	5
3.	Tengsl við aðrar áætlanir	6
4.	Umhverfisáhrif.....	7
4.1.	Öflun upplýsinga og aðferðarfræði	9
5.	Kynning og samráð	9
6.	Ferlið	10
1.	Heimildarskrá	11
	Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðis.....	5
	Mynd 2. Algengustu vindáttir innan skipulagssvæðisins. (Veðurstofan 2023)	5
	Mynd 2-2 Hluti úr staðfestu Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020.	6
	Tafla 1. Vistgerðir innan skipulagssvæðisins.....	Error! Bookmark not defined.
	Tafla 2. Tengsl deiliskipulags við aðrar áætlanir.	6
	Tafla 3. Umhverfispættir og -viðmið.	8
	Tafla 4-2. Umhverfisviðmið og umhverfispættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu.....	9
	Tafla 4-3. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.	9

1. Inngangur

Dalvíkurbyggð vinnur að gerð deiliskipulags íbúðabyggðar við Böggvisbraut á Dalvík. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Við gerð deiliskipulags verða metin umhverfisáhrif þar sem gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið eftir því sem við á.

1.1. Markmið

Helstu markmið deiliskipulagsins eru:

- Íbúðarhús verði haganlega staðsett m.t.t. nærumhverfis, sólar og skjóls.
- Umhverfið verður gert gönguvænt, með góðum upplýstum stígum, sem tengja byggðina við nærliggjandi byggð og útivistarsvæði.
- Umhverfið verði aðgengilegt með góðum og öruggum göngutengingum að nálægum leiksvæðum fyrir fjölbreytta útiveru og notkun.
- Skipulag umferðargötu miðar við að draga úr ökuhraða, auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda ásamt því að gera umhverfið vistlegt með gróðri.
- Ofanvatn verður leitt um svæðið með blágrænum ofanvatnslausnum í safntjarnir.
- Komið verði fyrir spennistöð innan deiliskipulagssvæðisins.

1.2. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins

Deiliskipulagssvæðið er um 3,3 ha að stærð ofan við Böggvisbraut, merkt 202-Íb í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Svæðið afmarkast af Böggvisbraut í austri og opnu svæði í vestri. Brimnesá í norðri og vegslóða í suðri. Aðkoma að svæðinu verður um Böggvisbraut.




Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðis.

2. Helstu forsendur

2.1. Staðhættir og veðurfar


Skipulagssvæðið er staðsett á opnu svæði í dag sem er nýtt sem beitarsvæði. Svæðið er allvel gróið og hækkar eilítið til vesturs og vísar til vesturs. Helstu vistgerðir innan svæðisins og vendargildi þeirra má sjá í töflu 1 en landið einkennist að mestu af mólendi. Ríkjandi vindáttir innan svæðisins eru vestan og norðaustanáttir. Íbúum í sveitarfélaginu hefur fækkað nokkuð undanfarna tvo áratugi. Fækkunin nemur um 7,3% milli 1999 og 2019 í sveitarfélaginu í heild. Á því tímabili fækkaði íbúum þéttbýlisstaðanna um 9,6% en íbúum í sveitinni fjölgaði um 7%. Síðast liðin þrjú ár hefur íbúum þó fjölgað á öllum þéttbýlisstöðunum. Sveiflur í íbúafjölda eru mun minni í sveitinni en í þéttbýli. Íbúafjöldi Dalvíkurbyggðar voru 1890 þann 1. maí 2023. Samkvæmt auglýstri lýsingu



Mynd 2. Algengustu vindáttir innan skipulagssvæðisins. (Veðurstofan 2023)

fyrir endurskoðun Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2020-2032¹ þá er gert ráð fyrir talsverði fjölgun á skipulagstímabilinu ef miðað er við háspá aðalskipulags sem gerir ráð fyrir að íbúar verði allt að 2050 í lok skipulagstímabilsins. Samkvæmt fornleifaskráningu sem fram fór haustið 2022² þá er að finna eina tóft innan deiliskipulagssvæðisins við Brimnesá. Um er að ræða garðlag eða grjóthlaðinn garður sem lá norður-suður um 18 langur en hann var rofinn. Garðurinn var um 0,3-0,4 m á hæð og um 0,5 m á breidd.

Innan skipulagssvæðisins eru skilgreindar samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistonunar Íslands 7 vistgerðir. Starungsmýrarvist og víðikjarrvist sem eru með mjög hátt verndargildi. Snarrótarvist og grasmóavist með hátt verndargildi og síðan aðrar með lágt verndargildi.



Mynd 2-2 Hluti úr staðfestu Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

3. Tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagsáætlunin tengist eftirfarandi stefnumótandi áætlunum:

Tafla 1. Tengsl deiliskipulags við aðrar áætlanir.

Heiti áætlunar	Tengsl við aðrar áætlanir
Landsskipulagstefna 2015-2026	Kafli 2.2.1 um að byggð falli að landslagi og náttúru. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Kafli 2.2.2 um náttúru, menningararf og heilnæmt umhverfi.

¹ Teiknistofa Arkitekta 2022

² Búnaðarsamband Eyjafjarðar 2022

	<p>Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu.</p> <p>Kafli 2.8.1 um skipulagsgerð með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum.</p> <p>Kafli 3.3.2 um heilnæmt umhverfi. Stuðlað verði að heilnæmu umhverfi með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika á flokkun og endurvinnslu, sjálfbærum ofanvatnslausnum og aukinni nýtni við auðlindanotkun við skipulagsgerð sveitarfélaga.</p> <p>Kafli 6.2.4 um hönnun mannvirkja í landslagi. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, jafnt í þéttbýli og í opnu landi með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.</p> <p>Kafli 7.0.1 um skipulag í þágu lýðheilsu. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífshátta og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa.</p>
Kaupmannahafnarsamningurinn	Kaupmannahafnarsamningurinn (Copenhagen agreement) um mengun sjávar er norrænn samningur um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna og fjallar um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna komi til óhappa af völdum olíu og annarra hættulegra efna (Umhverfisstofnun, e.d.).
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningur SP um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) miðar að því að varðveita líffræðilega fjölbreytni jarðarinnar.
Bernarsamningur	Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.
Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020	Gert er ráð fyrir blöndun húsagerða og íbúðagerða í nýjum íbúðarhverfum og miðast þéttleiki byggðar við það, almennt á bilinu 10-15 íb/ha. Þéttleiki einstakra hverfa og reita verður ákvarðaður í deiliskipulagi. Reiturinn er skilgreindur sem 202-íb eða reitur ofan Bögguvisbrautar utan kirkju. Óskipulagt, óbyggt. Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 10-15 íb/ha.
Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024	Eftirtalin markmið svæðisskipulagsins geta haft áhrif á deiliskipulagið: 3.2 BYGGÐAÞRÓUN OG BYGGÐAMYNSTUR • Stefnt er að góðum búsetuskilyrðum og fjölbreyttum búsetukostum á skipulagssvæðinu.
Deiliskipulag	Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Aðliggjandi deiliskipulög eru <i>deiliskipulag Lokastígsreit</i> staðfest 16.03.2018, deiliskipulag frístunda- og iðnaðarsvæðis í landi Upsa, staðfest 20.03.2012. Deiliskipulag fólkvangs í Bögguvisstaðafjalli, staðfest 16.02.2021.

4. Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif deiliskipulagsins verða metin skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Megintilgangur umhverfismatskýrslunnar er að greina annars vegar frá helstu umhverfisáhrifum sem deiliskipulagstillagan gæti leitt til og hins vegar mótvægisáðgerðum og tillögu um vöktun ef þörf er á. Markmið matsvinnunnar er meðal annars að sýna fram á að við gerð deiliskipulagsins hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið, byggt á fyrirbyggjandi gögnum.

Í umhverfisskýrslu mun umfjöllun um valkosti beinast að tveimur mismunandi leiðum. Annars vegar að uppbygging íbúðabyggðar og hins vegar núllkostur sem er að hafast ekkert að.

Helstu þættir breytingartillögunnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru vega- og stígagerð og mannvirkjagerð. Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfisþættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfisþætti. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 3 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagið hefur í för með sér.

Tafla 2. Umhverfisþættir og -viðmið.

Umhverfisþáttur	Þörf á meta	Ekki þörf á að meta	Skýring	Viðmið
Gróður	x			<p>Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir plöntur og háplöntur.</p> <p>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, nánar tiltekið 57. grein um sérstaka vernd tiltekinn vistkerfa og jarðminja. Votlendissvæði 2 ha eða stærri njóta sérstakrar verndar, og 67. grein um aðgerðir vegna ágengra framandi lífvera.</p> <p>Lög um breytingu á lögum um náttúruvernd (nr. 109/2015) en þar segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré njóta verndar.</p> <p>Samningur um líffræðilega fjölbreytni, öðlaðist gildi á Íslandi 1994. Ísland er aðili að alþjóðlegum samningi um líffræðilega fjölbreytni en markmið hans er að „Vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lífandi náttúruauðlinda“.</p> <p>Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda og vistgerða, og forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur vistkerfi.</p>
Fuglar	x			<p>Náttúruverndaráætlun.</p> <p>Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla (31).</p> <p>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</p> <p>Lög nr. 64/1994 m.s.br. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.</p> <p>Áhrif á vistgerðir og búsvæði. Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 segir að viðhalda beri fjölbreytileika tegunda og vistgerða, og forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur vistkerfi.</p> <p>Bernarsamningurinn.</p>
Vatn og lækir	x			<p>Reglugerð nr. 536/2001 m.s.br. um neysluvatn.</p> <p>Reglugerð 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns.</p> <p>Reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.</p> <p>Reglugerð um fráveitu í Fjarðabyggð nr. 138/2000.</p>
Fornleifar	x		Engar friðlýstar minjar en nokkrar skráðar minjar innan skipulagssvæðis	<p>Lög um menningarminjar 80/2012.</p> <p>Skráðar friðlýstar fornleifar.</p> <p>Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, svo sem byggðaleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.</p>

Samfélag	x			Skipulagslög nr 123/2010. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Reglugerð nr. 505/2000.
Ásýnd og landslag	x		Engar náttúruminjar sem njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaganna.	Á fyrirhuguðu deiliskiplagssvæði eru ekki vistkerfi eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar, með tilliti til landslagsverndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Á lands- eða svæðisvísu hefur landslagi innan framkvæmdasvæðisins ekki verið gefið sérstakt gildi. Þau landform sem einkenna svæðið eru lýsandi fyrir fjarðarlandslag Austfjarða: firðir með háum bröttum skriðum, jökulrofnum fjallseggjum, takmörkuðum láglandissvæðum og víðsýni yfir sjávarflöt fjarðanna.

Tafla 4-3. Umhverfisiðmið og umhverfisþættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu.

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Tafla 4-4. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

4.1. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst verður við fyrirliggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. málsmeðferðargögn vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

5. Kynning og samráð

Við gerð deiliskipulagsins skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það skal gert með virku samráði gegnum allt skipulagsferlið. Sérstaklega skal þess gætt að unnt sé að framfylgja kröfum sem gerðar eru í lögum og reglugerðum. Samráð skal haft við umsagnaraðila og aðra sem eftirlitsskyldur kunna að hafa með málefnum sem skipulagið fjallar um.

Helstu umsagnaraðilar eru þessir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands
- Minjastofnun

6. Ferlið

Helstu verkferlar sem varða deiliskipulag flóðavarna eru eftirfarandi:

- A. Gerð skipulags- og matslýsingar júní 2023.
- B. Samráð um skipulags- og matslýsingu, send til Skipulagsstofnunar auk annarra nóvember-deember 2023.
- C. Gerð deiliskipulags janúar-maí 2024.
- D. Kynning og auglýsing deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu maí-júní 2024
- E. Samþykkt bæjarstjórnar júlí 2024
- F. Auglýsing í B-deild ágúst 2024.

7. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2022.
2. Búnaðarsamband Eyjafjarðar 2022. Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags.
3. Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
4. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
5. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
6. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
7. Skipulagslög nr. 123/2010.
8. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
9. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana